

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB)
nr. 228/2014**

2014/EES/64/43

frá 10. mars 2014

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 601/2006 um framkvæmdarreglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 184/2005 um hagskýrslur að því er varðar greiðslujöfnuð, þjónustuviðskipti við útlönd og beina, erlenda fjárfestingu að því er varðar snið gagnasendinga og aðferðir við gagnasendingar (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

krafist tilkomu víðari skilgreiningar á gagnasniðum sem fylgja ákvæðum SDMX-sniða og nýrri skilgreiningu á gagnaskipan í samræmi við þennan staðal.

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

- 4) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 601/2006, þar sem krafist var að einungis „gesmes“ gagnasniðið yrði notað til að senda gögn frá aðildarríkjum til framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópubandalagsins), þannig að hún feli í sér vísanir til SDMX-sniðanna.

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 184/2005 frá 12. janúar 2005 um hagskýrslur Bandalagsins að því er varðar greiðslujöfnuð, þjónustuviðskipti við útlönd og beina, erlenda fjárfestingu⁽¹⁾, einkum 7. gr.,

- 5) Tækniforskriftir gagnaskipanarinnar ættu ekki að vera af lagalega bindandi toga. Tækniforskriftirnar, sem framkvæmdastjórnin mælir með, ættu þess í stað að vera í handbók Hagstofu Evrópusambandsins um greiðslujöfnuð⁽⁴⁾, sem er endurskoðuð árlega. Breyta ætti reglugerð (EB) nr. 601/2006 til samræmis við það.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 601/2006⁽²⁾ er mælt fyrir um framkvæmdarreglur varðandi snið og málsmeðferð við sendingu umbeðinna gagna um greiðslujöfnuð, alþjóðþjónustuviðskipti og beina, erlenda fjárfestingu til framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópusambandsins) og skilgreindar tækniforskriftir fyrir gagnaskipan.

- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um greiðslujöfnuð,

- 2) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 555/2012⁽³⁾ voru kröfum um gögn og skilgreiningar í reglugerð (EB) nr. 184/2005 uppfærðar til að endurspegla nýja alþjóðlega staðla sem kveða á um almennar reglur um söfnun þessara hagskýrslna, t.d. í handbók Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) um greiðslujöfnuð og stöðu alþjóðlegra fjárfestinga, viðmiðunarskilgreiningu Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) á beinum erlendum fjárfestingum og handbók Sameinuðu þjóðanna (SP) um hagskýrslur um þjónustuviðskipti við útlönd.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 601/2006 er breytt sem hér segir:

- 1) Eftirfarandi komi í stað 2. gr.:

„2. gr.

Gagnasnið

Aðildarríki skulu nota gagnasnið sem fara að ákvæðum SDMX-sniða. Hagstofa Evrópusambandsins skal koma á framfæri ítarlegum upplýsingum varðandi snið þessi og veita leiðbeiningar um hvernig þeim skuli beitt í samræmi við kröfur þessarar reglugerðar.“

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 70, 11.3.2014, bls. 16. Hentar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 199/2014 frá 25. september 2014 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, bíður birtingar.

(1) Stjtið. ESB L 35, 8.2.2005, bls. 23.

(2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 601/2006 frá 18. apríl 2006 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 184/2005 að því er varðar snið gagnasendinga og aðferðir við gagnasendingar (Stjtið ESB L 106, 19.4.2006, bls. 7).

(3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 555/2012 frá 22. júní 2012 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 184/2005 um hagskýrslur Bandalagsins að því er varðar greiðslujöfnuð, þjónustuviðskipti við útlönd og beina, erlenda fjárfestingu, að því er varðar uppfærslu á kröfum um gögn og skilgreiningum (Stjtið. ESB. L 166, 27.6.2012, bls. 22).

- 2) Ákvæði 3. gr. falli brott.

- 3) Viðauki þessi falli brott.

(4) Handbókin er aðgengileg á vefsetri rannsóknarseturs framkvæmdastjórnarinnar um fjarskipta- og upplýsingamál fyrir stjórnsýslustofnanir, fyrirtæki og borgara (CIRABC).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá og með 1. júní 2014.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. mars 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO
